

Hraunsmúli 8 hundr. að dýrleika með 3 kúgildum frá fardögum 1876 leggist til Ingjaldshóls og Fróðárþinga í Snæfellsnesprófastsdæmi, og

að hið sameinaða Hitardals- og Staðarhrauns-prestakall verði eptir það metið á 2471 krónu 95 aura, en Ingjaldshóls- og Fróðár-prestakall 966 kr. 12 aura.

Þetta tilkynnist yður, herra biskup til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlut- aðeigöndum.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Samkvæmt þegnlegum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland hefur hans hátign konunginum þóknast 6. f. m. mildilegast að fallast á, að leiguliðum á jörðum þeim, er landssjóður Íslands á í vesturumdæminu sje enn í 4 ár, talin frá fardögum 1873, veitt linun sú í landsskuldargjaldi af ábýlisjörðum sínum, að þeir greiði $\frac{5}{6}$ landsskuldarinnar eptir fornu verðlagi en $\frac{1}{6}$ í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá á ári hverju; en að umboðsmönnum sje boðið að hækka landsskuldina við ábúandaskipti eptir nákvæmari ákvörðun amtmannsins í hvert skipti, er slíkt þykir fært eptir ásigkomulagi jarðarinnar og öðrum atvikum.

Þetta er hjer með tjád herra amtmanninum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Með brjefi frá 12. f. m. hefur ráðgjafinn fyrir Ísland samþykkt, að leyft verði ábúandanum á jörðinni Hjarðarfelli, er liggur undir Arnarstapaumboð, að leggja niður hjáleigu nefndrar jarðar Moldbrekku með þeim skilyrðum, að hinn sameinaði dýrleiki beggja jarða 23,6 hundr. framvegis hvíli á Hjarðarfelli einu, að jarðareptirgjaldið haldist óbreytt og er það 7 vættir árlega í landsskuld og fullar leigur af 5 kúgildum eða 100 pund smjör, að viðurinn í húsunum á Moldbrekku verði seldur á almennu uppboðsþingi eptir að ábúandinn hefur skilað þeim í leigufæru standi eða með nægilegu ofanálagi, og að uppboðsandvirðið með nefndu ofanálagi, verði það nokkuð, greiðist í umboðssjóðinn.

Þetta er hjer með tjád yður, herra amtmáður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Samkvæmt tilmælum fjárhagsstjórnar ríkisins við ráðgjafann fyrir Ísland skal jeg þjónustusamlega mælast til þess, að þjer, herra amtmáður, — þar sem ljósmyndari Sigfús Eymundsson hjer í bœnum hefur í erindi til nefndrar stjórnar skýrt frá, að hann áskilji sjer einkarjettindi samkvæmt lögum frá 24. marz 1865 til að eptirmynda 8 ýmislegar ljósmyndir, sem hann hefur búið til — tjáið nefndum ljósmyndara, að fjárhagsstjórnin hafi það álit, að nýnefnd lög geti eigi komið til greina í þessu máli, með því, að ljósmyndir þær, sem getið var um, hafi verið búnar til á Íslandi, er lög frá 24. marz 1865 eigi nái til; en að þessi spurning að öðru leyti sæti úrlausn dómstólanna.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu).

Eptir að kirkju- og kennslustjórn ríkisins hafði spurzt fyrir hjá professor Johnstrup, hvort hann sjálfur eður einhver yngri vísindamaður sæi sjer fært að ferðast hingað til landsins til þess að rannsaka hjer á vísindalegan hátt, eldgos þau, sem hafa gjört vart við

1875

61
31sta
ágúst.62
1sta
septbr.63
1sta
septbr.64
1sta
septbr.65
2an
septbr.

1875

65
2an
septbr.

sig, hefur nefnd stjórn meðtekið frá professor Johnstrup brjef, þar sem hann getur þess, að með því að ýmsar skýrslur, sjer í lagi um hin síðustu eldgos vanti, verði eigi enn með vissu sagt, hvort árangur ferðarinnar muni svara nokkurn veginn kostnaði þeim, sem mundi leiða af rannsókn eldgosanna, og gera má ráð fyrir, að yrði að minnsta kosti 6000 krónur; því náttúruviðburðir þeir, sem getið hefur verið um, sjeu eigi meðal þeirra, sem sjeu lítið kunnir, enda komi þeir æfinlega fram á líkan hátt. Hvað öðru líði, mætti heldur gjöra slíka rannsókn næsta ár, enda mætti þá byrja ferðina langtum betur undir hana búinn, en nú. Þar að auki tekur hann fram, að það væri æskilegt, að hlutaðeigandi amtmaður væri látinn útvega svo nákvæmar skýringar sem mögulegt sje um stað og stærð hvers þeirra eldgíga, sem nýlega hafa myndast, um tíma þann, er jarðeldurinn brauzt fram, um stærð hraunanna, svæði það, er aska hefur fallið á, og þykkt hennar í hinum ýmsu sveitum og skaða þann, er leitt hefur af henni.

Jafnframt því að tjá yður, herra amtmaður þetta, skal jeg þjónustusamlega mælast til þess, að þjer að svo miklu leyti, sem mögulegt er, leitizt við að útvega skýrslur þær, er professor Johnstrup hefur beiðzt og sendið þær hingað.

Embættismenn skipaðir og settir.

Hinn 14. dag ágústánaðar þóknaðist hans hátign konunginum að leyfa, að sira Brynjólfur Jónsson á Vestmannaeyjum, sem mildilegast hafði verið veitt 25. maí þ. á. Stokkseyrar og Kaldaðarness prestakall í Árnes prófastsdæmi, megi álitast sem ekki skipaður í þetta embætti.

S. d. þóknaðist hans hátign konuuginum mildilegast að skipa sóknarprest að Hítarnesi í Mýra prófastsdæmi sira Jón Björnsson til að vera sóknarprest Stokkseyrar og Kaldaðarness safnaða.

Hinn 28. dag júlímánaðar lengdi landshöfðingi til næstu fardaga (1876) embættistíma fyrrum yfirdómara Benidikts Sveinssonar sem setts sýslumanns í Þingeyjarsýslu.

Hinn 31. dag ágústánaðar skipaði landshöfðingi kandidat Svein Eiríksson til að vera prest í Kálfafellsprestakalli á Síðu í Vestur-Skaptafells-prófastsdæmi.

S. d. skipaði landshöfðingi kandidat Tómas Hallgrímsson til að vera prest Støerra-Árskógssafnaðar í Eyjafjarðar-prófastsdæmi.

Hinn 3. dag septembermánaðar setti landshöfðingi kandidat Þorvarð Andrjesson Kjerúlf til fyrst um sinn að gegna hjeraðslæknisembættinu í Húnavatnssýslu.

S. d. skipaði landshöfðingi kandidat Odd Vigfús Gislason til að vera prest Lundar- og Fitja-safnaða í Borgarfjarðar-prófastsdæmi. Prestakall þetta, sem er metið 516 kr. var auglýst 23. júlí.

Þjóðkjörinn alþingismaður.

Hinn 1. dag júnímánaðar var kosinn fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hreppstjóri Þórður Þórðarson á Raudkollsstöðum.

Óveitt prestaköll.

Bergsstaðir og Bólstaðarhlíð í Húnavatnsprófastsdæmi metið 793,06 kr. auglýst 14. júlí.

Hítarnesþing í Mýraprófastsdæmi metið 1062,10 kr. auglýst 1. septbr.

Stjórnartíðindin má panta á hverju pósthúsi í landinu. Andvirðið fyrir 1 ár er 1 kr. 66 a. og á að greiða það fyrirfram um leið og tíðindin eru pöntuð. Vilji embættismaður, alþingismaður eður hreppsnefnd, sem tíðindin eru send kauplaust fá þau aðra leið, en þau nú koma, á hann að senda beiðni um það póstmanni þeim, er hann óskar að fá tíðindin frá, áleiðis til póstmeistara og ritstofu landshöfðingja.